

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 54/2001

frá 18. maí 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2001 frá 30. mars 2001⁽¹⁾.
- 2) Í ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 frá 10. mars 1995⁽²⁾ er kveðið á um að Liechtenstein skuli koma ákvæðum I. kafla í I. viðauka við samninginn til framkvæmda frá 1. janúar 2000 að telja, með fyrirvara um endurskoðun sameiginlegu EES-nefndarinnar á árinu 1999.
- 3) Endurskoðunin hefur leitt í ljós að sérstakar aðstæður í Liechtenstein, sem réttlættu aðlögunartímabilið, hafa ekki breyst og ólíklegt er að þær breytist í fyrirsjáanlegri framtíð.
- 4) Af þessum sökum ber að framlengja aðlögunartímabilið til 31. desember 2001, en fyrir þann tíma skal varanlegu fyrirkomulagi hafa verið komið á.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 86, 20.4.1995, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 20.4.1995, bls. 1.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í 1. mgr. í AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM í I. viðauka við samninginn:

„Liechtenstein er undanþegið ákvæðum I. kafla, „Dýr“, þar til 31. desember 2001. Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða stöðuna á árinu 2001 í því skyni að koma á varanlegu fyrirkomulagi.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. maí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2000.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. maí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann